


Elí Freysson

**Með augum
einhverfunnar**



*Ég vil þakka eftirfarandi aðilum fyrir
að styrkja prentun þessa rits:*

Landsbankanum

Íslandsbanka

Arion banka

Norðurorku

Einhverfusamtökunum

Ásdísi Kjartansdóttur

Sigrúnu Kjartansdóttur

Mömmu

Ömmu Stínu á Húsavík



Útgefandi: Elí Freysson
Prentvinnsla: Ásprent 2018

1. Kynning:

Ég greindist með einhverfu árið 1999, þá sautján ára gamall. Ég hafði alltaf verið frekar undarlegur og einangraður, og það var mér mikill léttir að fá greiningu; einhvers konar útskýringu á því af hverju mér gekk svona illa félagslega, og á sumum öðrum sviðum. Með greiningunni hafði þetta allt saman eitthvað nafn, og maður hafði eitthvað til að berjast við. Með þessari greiningu hafði ég og fjölskylda mín skilning á því hvað það var sem aftraði mér. Maður vinnur jú ekki átök án þess að vita hvað er verið að berjast við.

Hins vegar hefði það auðvitað gagnast mér gífurlega mikið að greinast fyrr á ævinni. Það hefði eflaust hlíft mér við mikilli andlegri vanlíðan, og ef til vill gert átökin við heilkennið auðveldari fyrir alla. Einhverfa, og allt hennar litróf, var einfaldlega enn minna þekkt þá en nú.

Nú hef ég síðustu níttján árin hugsað um einhverfu og fylgst með sjálfum sér, og lært að vera þess fús að ræða hana við fólk í lífi mínu, bæði til að fá ráð og til að njóta skilnings á því af hverju ég er eins og ég er. Mér hefur því kannski hætt til að gleyma því að smáatriði þessa blessaða ástands er ekki almenn vitneskja.

Í janúar 2017 hélt ég fyrirlestur um það að lifa með einhverfu í sal í Háskólanum á Akureyri, og síðan um sumarið tók Indíana Hreinsdóttir hjá Akureyri Vikublaði viðtal við mig. Viðbrögðin í bæði skiptin voru eins: Þetta gerði gríðarlega lukku, sérstaklega hjá aðstandendum einhverfra barna, og fólk þakkaði mér fyrir að veita betri skilning á þessu öllu saman.

Það er nú aldrei slæm tilfinning að geta aðeins látið gott af sér leiða, og svona upplýsingar hefðu eflaust komið mér og mínum að miklu gagni á sínum tíma. Mér datt því í hug að skrifa rit sem gæti gagnast fólki, einkum foreldrum.

Þegar ég fékk greininguna var hægt að nálgast vissar upplýsingar um þetta allt saman, en við þurftum samt ansi mikið að þreifa okkur áfram í skilningi á einhverfunni. Markmið mitt með þessu er því að veita einmitt þær upplýsingar sem hefðu komið mér að gagni á sínum tíma.

Ég er ekki taugafræðingur eða sálfræðingur, og hef ekki tekið viðtöl við aðra á rófinu. Ég er því ekki að skrifa þetta frá einhverju sérfræðilegu sjónarmiði, né heldur ætla ég að reyna að fara í gegnum allar mögulegar birtingarmyndir einhverfunnar. Allir einhverfu-furðufuglar eru jú mismunandi, rétt eins og bara fólk almennt. Ég ætla heldur alls ekki að reyna að umturna heiminn með einhverju meistaraverki. Eins og ég hef gert hingað til í viðtölum og fyrirlesturum ætla ég einfaldlega að lýsa eigin reynslu, og vona að hún gagnist einhverjum.

Ég líka rek mig á það að þessi texti er mun styttri en ég sá upphaflega fyrir mér. En ég er svo sem fyrir það að hafa skilaboð skýr og hnitmiðuð, og það versta sem maður getur gert við texta er að teygja hann að þarfalaus.

Áfram gakk:

2. Æskan

Jamm. Ég greindist sem sagt ekki fyrr en á unglingsaldri. Fram að því var ég bara skrítni krakkinn. Fyrir mér var sífellt eitthvað vesen út af einhverju sem ég skildi ekki, eða þá að öðrum fannst ég skríttinn, þegar fyrir mér var ég rökréttur og allir aðrir brugðust eitthvað furðulega við.

Sem polli þótti ég sérvitur, og þá kannski stundum á krúttlegan hátt, eins og það hvað ég fór snemma að tala „prófessorslega“. Það er að segja, vandað og nákvæmt mál. Annað var síður skemmtilegt. Ég gat verið afskaplega uppstökkur, og átti erfitt með að eignast vini. Yfirleitt var ég mest fyrir að sitja einn einhversstaðar og lesa. Ég var rosalegur lestrarhestur, og í sumarfríunum fór ég nánast daglegar ferðir á bókasafnið, skilaði einum poka af bókum og myndasögum, og fór heim með annan skammt. Þegar leikjatalva kom svo á heimilið fór það allt saman hægt og rólega að taka við af lestrinum.

En það var nú ástæða fyrir þessu öllu saman.

Hugur minn er byggður svolítið öðruvísi upp. Ein vísindaleg útskýring sem ég hef heyrt á einhverfu er á þá leið að vissir hlutar heilans þroskist ekki að fullu leyti, og því bregðast aðrir við með því að ofproskast. Það mætti kannski líkja hugsanagangi mínum við lestarteina: Það byggist allt upp á lógík og vissum lögmálum, og það er þörf fyrir að taka beygjur hægt og rólega.

Það ætti samt ekki að lesa of mikið í þessa myndlíkingu. Ég er ekki vélmeni. Ég hef tilfinningar eins og hver annar maður. Ég bara hef mikla þörf fyrir reglu, og að geta skilið hvað er á seyði. Mannlegar tilfinningar, og mannleg hegðun, eru hins vegar ekki lógískar eða skiljanlegar nema að vissu leyti. Og þegar krakki er í kringumstæðum sem eru rangar, á hátt sem enginn annar skilur, og óskiljanlegur breytur skella á honum hraðar en hann ræður við, þá verður hann mjög fljótt argur.

Í bókaheiminum gat ég fundið frið. Eins og ég fer í herna á eftir þá get ég ekki lokað viljandi á utanaðkomandi áreiti, en get gleymt mér í einhverju sem vekur áhuga minn. Ég átti litla samleið með hinum krökkunum, með sín læti og drepleiðinlegu boltaleiki. Skilningsleysi mitt á öðru fólki, og þeirra á mér, fór ekki vel saman við óþol mitt við hávaða. Ég veit ekki hvort að áhugaleysi mitt á boltaleikjum og slíku er sprottin beint þar af eða ekki, en hvort heldur sem er þá vissi ég það eitt að mér samdi ekkert vel við aðra krakka, og hafði lítið að gera með þeim. Líkt og með boltaleikina þá veit ég ekki hvort feimnin var sprottin af eilífum árekstrum og skakkaföllum í félagslífinu, eða hvort hún spilaði bara inn í, en mig skorti allavega lengi vel sjálfstraust. Ég er þeirrar skoðunar að sjálfmyndin komi að sirka hálfu leyti frá öðru fólki, og félagsleg einangrun er alls ekki holl.

Eitt algengt líkamlegt einkenni er klaufaskapur. Ég þekki ekki vísindin á bak við það frekar en á bak við allt hitt, en einhvern veginn finnst mér líkaminn ekki lúta fullri stjórn. Fínhreyfingar eru ekkert mál, en þegar kemur að samhæfingu og jafnvægi og slíku þá er eins og sambandið milli heila og útlíma sé ekki alveg hundrað prósent. Lengi vel steig ég svo fast niður að það fór illa með hnén. Mér hefur aðeins tekist að laga það, en á hinn bóginn þarf ég að einbeita mér til að labba án þess að draga fæturnar og slíta skónum. Ég hugsa að ég þurfi að stíga mjúkar og eðlilegar, en það bara gerist ekki, þó svo ég sé líkamlega fær um það.

Ég lærði aldrei að standa á skautum, var lengi að læra að hjóla, og var gjörsamlega vonlaus á skíðum. Ég hataði skóla-skíðaferðir af öllum lífs og sálar kröftum. Ég hataði að vera skyldaður í „skemmtun“ sem ég var vonlaus í, og hataði að vera sagt af kennurum að vera ekki svona fúll og að ég gæti þetta alveg. Eftir á að hyggja finnst mér að margt í æsku minni hafi

verið svipað því að vera haltur maður sem er sagt að halda í við fólk.

„Hvað er þetta maður, labbaðu bara hraðar!“

Það var eins með danskennslu, sem leiddi út í sýningu, sem ég var skyldaður í í Stjórutjarnarskóla. Strákur með ömurlega samhæfingu er augljóslega ekki í eðli sínu dansari, og svipað og með skíðin þá fannst mér þetta allt saman niðurlægjandi. Þetta var áður en ég fékk greininguna, og sjálfálitnið var ekki upp á marga fiska, þannig að eina útskýringin sem ég hafði á eigin frammistöðu var sú að ég væri bara svona glataður. Og þetta er ekki eitthvað sem ég sé öðrum augum þegar ég lít um öxl. Ég verð enn hálf reiður við að hugsa um þetta, og þá kannski sérstaklega þar sem dans hefur fjandinn hafi það ekkert að gera með að undirbúa ungt fólk fyrir lífið og frekara nám. Ég myndi nefnilega kalla það eitt af einhverfu-einkennum mínum hvað ég hef mikið óþol gagnvart tilgangslausu veseni, sem er ein ástæða þess hvað fordómar í allri sinni litadýrð kveikja mikið í mér. Mér gremst það gríðarlega þegar mannleg tilvera er gerð erfiðari en það er nokkur þörf á að hún sé.

Þegar það var bryddað upp á einverunni við mig þegar ég var krakki, þegar einhver lýsti áhyggjum yfir því hvað ég var mikið einn og einangraður brást ég yfirleitt við með því að hrista hausinn.

„Hvað er þetta, má maður ekki vera einn?“

Það var því ekkert rýnt nánar í þetta. En mér finnst eftir á að hyggja að málið hafi verið að þó svo að mig langaði í leikfélaga, þá var viss uppgjöf í mér; Krakarnir höfðu ekki sömu áhugamál og ég, ég kunni ekki á samskiptin, og vildi því bara sitja uppi í herbergi með bók þar sem var ekki þessi hávaði, og þar sem ég þurfti ekki að lenda í þessum árekstrum. Með engan skilning á því hvað var að eða hvernig ráðast skyldi á það gafst ég að miklu leyti upp.

3. Samskipti:

Ein helsta ástæðan að baki mínum félagslegu erfiðleikum er sú að ég fæddist ekki með saman leiðarvísinn og aðrir. Flestar manneskjur læra sjálfkrafa að lesa í fólk og skilja tilfinningar og hegðun þess, svona kannski svipað því og maður verður hægt og rólega betri í að tala.

En fyrir mér er einhver stífla þarna.

Mér er ekki eðlislægt að skilja hvað önnur manneskja er að hugsa hverju sinni, eða að setja tilfinningar annarra í samhengi. Þetta getur virst vera tillitsleysi, en staðreyndin er bara sú að ég einfaldlega skildi ekki af hverju það var ekki viðeigandi að segja sumt og annað ekki, eða af hverju fólk vildi ekki að ég væri að snýta mér í eldhúsinu, og svo framvegis.

Það fór yfirleitt algjörlega framhá mér ef einhver reyndi að koma einhverju óbeint til skila, og það að fólk gerði slíkt yfirleitt þótti mér óttalega skrítið. Og þykir svo sem að miklu leyti enn. Fyrir mér snerust samskipti um að koma hlutunum skýrt og nákvæmt til skila, sem útskýrir sennilega prófessors-talandann. Það er því ekki gott að ýja að hlutunum þegar kemur að samskiptum við einhverfan einstakling: Talið hreint út. Og hvetjið viðkomandi til að gera hið sama. Ég skildi nefnilega heldur ekki alltaf jafn vel að aðrir skildu mig ekkert betur en ég skildi þá. Fyrir mér voru viðbrögð mín og hugsunarháttur jú fullkomlega rökrétt.

Þetta hefur sér líka aðrar birtingarmyndir. Það er ekki nema síðustu ár sem ég geri mér almennilega grein fyrir því hvernig útlit og framsetning hefur áhrif á fólk. Ég vann í Rúmfatalagernum á tímabili, og var mjög tregur að samþykkja það að það skipti máli hvernig vöru var stillt upp. Það hvernig einhver starfsmaður skildi við sæng hefur jú ekkert að segja um gæði

hennar. Þannig var, og að sumu leyti er enn, hugsunarhátturinn; einföld tveir-plús-tveir rökhyggja.

Ég hugsaði líka mjög lítið um fötin sem ég gekk í, og hvernig ástandið var á íbúðinni þegar ég fékk gesti. Og ég dæsi enn þegar mamma kvartar yfir því að sófinn minn sé orðinn frekar ljótur. Hann er nákvæmlega eins þægilegur og hann hefur alltaf verið, og því liggur mér ekkert á að skipta um.

Og ef ég má setja mig aðeins á háan hest, þá finnst mér nokkuð vera til þessarar afstöðu til lífsins. En ég myndi segja að þessa dagana væri ég kannski mitt á milli venjulegs hugarfars og míns gamla. Og ég veit ekki hvort ég haggast eitthvað lengra en það.

En eins og áður sagði, þá fékk ég ekki leiðarvísinn að fólki í vöggugjöf. Mín reynsla er sú að einhverfur krakki hefur mjög takmarkaða getu til að setja sig í spor annarra. Það mætti kannski heldur segja að það hvarflar ekki almennilega að þeim. Geta mín til að lesa í tilfinningar fólks var mjög takmörkuð, og ég gerði mér ekki endilega grein fyrir því að það hafði kannski ekki áhuga á sömu hlutunum og ég. Ég átti það því til að tala og tala um eitthvað sem enginn vildi heyra, eða vera uppáþrengjandi, móðga fólk óvart með því að tala hreint út, eða taka meinlausu gríni mjög persónulega.

Hafa ber þó í huga að það að skilja ekki tilfinningar annarra er allt, allt annað en að vera sama um þær. Þegar ég gerði mér grein fyrir því að ég gat verið leiðinlegur varð ég voðalega dapur. Og eftir því sem mér fór hægt og rólega fram í skilningu á sjálfum mér og öðrum átti óttinn við þetta til að halda mikið aftur af mér. Ég vildi ekki vera til trafala, og hélt mig mikið til hlés. Enn þann dag í dag hef ég lélegt skynbragð á það hvaða hug fólk ber til mín, og geri í raun oft ráð fyrir hinu versta.

En ég vil endurtaka þetta, af því að þetta er misskilningur

sem fer alveg ferlega í taugarnar á mér: Skortur á SKILNINGI er ekki það sama og skortur á SAMKENND. Einhverfur einstaklingur skynjar heiminn bara á annan hátt. Það þarf ekki meira til en að útskýra orsakasamband: „Mér líður A, þegar þú segir B, af því að C“.

Hrein og skýr samskipti eru semsagt mikilvæg í að eiga við einhverfan krakka. Og þó ég sé hérna sjálfur að nota samlíkingar þá mæli ég gegn því að notast mikið við þær. Ófá rifrildi á unglingsárunum fóru gjörsamlega út af sporinu þegar foreldri eða einhver annar var að tala um A og notaði B sem dæmi, og mín fyrstu viðbrögð voru að benda á galla í samlíkingunni. Þetta var ekki gert til að snúa út úr. Svona virkaði hugurinn bara. Rétt skal vera rétt.

En þó svo ég reki mig enn af og til á að vita ekki alveg hvað er viðeigandi hverju sinni, þá hefur mér farið mikið fram á lífsleiðinni.

4. Skyndtruflanir

Þó ég hafi unni marga sigra í þeirri viðleitni minni að læra að lifa með sjálfum mér, þá eru skyndtruflanir það einkenni sem fylgir mér enn þann dag í dag, og ég ræð hvað minnst við.

Ég hef einhvern veginn ekki sama filter í höfðinu og aðrir. Mig skortir getu til að loka á áreiti, og þá er ég sérstaklega að tala um hljóð. Öll hljóð í kringum mig bara flæða inn og flæða inn, og geta gert mig mjög þreyttan. Ef ég er staddur niðri í miðbæ á sautjándra júní hátíð, eða inn á skemmtistað að kvöldi til eða í veislu eða eitthvað slíkt, þá er þarna rosalegur, stanslaus kliður sem er fljótur að verða óbærilegur.

Ein af mínum persónulegu kenningum um einhverfuna er á þá leið að einhverft barn leiti frá ungum aldri inn í sjálft sig sem viðbrögð við öllu þessu bölvada áreiti; að sum einkennin séu hreinlega eðlislæg viðbrögð sem maður þarf á að halda til að halda einhverjum sönsum.

Það mætti kannski líkja þessu við núning. Það er kannski til að byrja með allt í lagi að eitthvað núist við húðina. En ef núningurinn heldur bara áfram fer maður að verða sár, og á endanum er hann kominn í gegn og bara farinn að skrapa í beraðar taugar.

Það er ekki með nokkru móti hægt að ætlast til þess að einhver sitji á sér við slíkar aðstæður. Auðvitað myndi hver sem er emja af sársauka þegar verið er að skrapa af þeim húðina, en einhverfur krakki sem tekur kast mætir ekki endilega sama skilningi.

En þetta er sársauki. Ekki beinlínis, að því leytinu að hávaði erti taugar á sama hátt og rispa, en mér dettur engin önnur lýsing í hug á því hvernig mér líður þegar þetta er upp á sitt versta. Þegar ég er lúinn og varnirnar eru fallnar getur einfalt hljóð eins og smjatt eða glamur í hnífapörum hreinlega meitt

mig, á hátt sem ég get ekki útskýrt almennilega fyrir fólki með eðlilegt taugakerfi. Þetta er eitt af því sem getur gert samskipti eða „eðlilegt“ líf svo erfitt. Ég er sérstaklega viðkvæmur fyrir vissum hljóðum, sérstaklega skrækum, og á erfitt með að vera innan um fólk með hástemmdar raddir. En það þarf ekki endilega einhver öfgakennd dæmi til.

Sumarið 2017 var hann faðir minn í heimsókn á landinu. Dag einn ákváðum við að fara í dagsferð og keyrðum austur í Glaumbæ, og fórum svo bíltúr meðfram Tröllaskaganum. Við fórum af stað um morguninn og komum aftur skömmu fyrir kvöldmat. Það er auðvitað takmarkað áreiti sem maður upplifir inni í bíl. Ég var ekki staddur í kös, og ekki var einhver að öskra í eyrað á mér. Samt var ég útkeyrður við heimkomuna, þurfti eiginlega að leggja mig aðeins fyrir kvöldmatinn, og var viðkvæmari en ég hef verið lengi.

Málið var ekki að neitt stórkostlegt hafði reynt á mig á leiðinni, eða að ég kunni ekki að meta flott útsýni eða það að eyða tíma með honum þabba gamla. Málið var að þarna var ég búinn að upplifa minniháttar áreiti í marga klukkutíma án þess að eiga þess kost að komast undan og hlaða batteríin. Félagsskapur einfaldlega reynir á mig, og þessi viðkvæmni er ástæða þess að ég held að ég gæti aldrei verið í sambúð með annarri manneskju. Ég hef mikla þörf fyrir að geta stjórnað umhverfi mínu; að hafa einn stað á plánetunni þar sem ég get verið öruggur fyrir áreiti. Því miður þýðir þetta að ferðalög eru viss áhætta fyrir mig. Ég hef gaman af að sjá nýja og áhugaverða staði, en fjarri heima högunum, við aðstæður sem ég get ekki stjórnað eða komist undan, er hætta á að ég fari í kerfi, og nái ekki að njóta ferðarinnar.

Það er heilmikill dagamunur á því hversu viðkvæmur ég er fyrir þessum áhrifum. Stundum stafar það af þreytu, eða stressi eða einhverju öðru innra áreiti, og það er eins og stundum sé ég

bara eitthvað slappur. Ef ég á að benda á einhverja orsök þá hef ég tekið eftir því að ef ég hef verið einangraður heima í dágóðan tíma þá er eins og ég komist úr æfingu við að þola áreiti.

Eitt sem er gott að hafa í huga er þetta getur gert einhverfan einstakling mjög viðkvæman fyrir snertingu. Eins og með þol almennt þá veltur það mikið á því hvernig ég er stemmdur, en mér er sérstaklega illa við það þegar fólk kemur við mig óvænt, og sérstaklega þegar ég er með hugann við eitthvað annað. Þegar ég vann í Nettó hataði ég það þegar mikið var að gera, ég var upptekinn við verk, og kúnnar gengu aftan að mér og lögðu hönd á öxlina á mér.

Ég gerði árum saman þau mistök að reyna að vera eins og allir aðrir, og áður en ég lærði betur á þetta allt saman reyndi ég að halda það út að vera í svona margmennis-aðstæðum. En ég varð bara argur og fór heim í vondu skapi. Ég hef lært þá list að stoppa frekar bara stutt við. Stundum fer ég líka bara afsíðis og tek mér smá pásu burt frá hávaðanum; dreg aðeins andann, og held jafnvel fyrir eyrun og loka augunum til að ná mér niður. Ég vil líka ekki þiggja far ef ég er að fara í eitthvað utanbæjar. Ég þarf að geta stjórnað því hvenær ég fer aftur heim, og vill því vera á eigin bíl.

Ég myndi hvetja foreldra með barn í svona aðstæðum til að fylgjast bara vel með því og spyrja hvort hann/hún vilji taka hlé. Það er mismunandi eftir einstaklingum, en tilfinningarnar sjást jú ekki endilega utan á, fyrr en upp úr sýður.

Á ferðalögum í öllum sínum myndum eru auðvitað takmörk fyrir því hversu mikið næði maður getur leitað í, en það mætti líka reyna að hafa þetta í huga þegar á að ferðast með einhverft barn.

5. Hugsun:

En svo ég haldi áfram að tala um lestarteinana og beygjurnar, þá þurfti ég og þarf enn að hafa hlutina fyrirsjáanlega. Þetta tengist þörf minni fyrir reglu, og að hlutirnir séu „réttir“, sem er kannski eitt aðalatriðið í þessu öllu saman. Ég spyr mikið um viðburði, ferðalög og slíkt fyrirfram, og óvæntar breytingar eiga það til að koma mér í kerfi. Svo ég taki dæmi, þá var mér kannski boðið í fjölskylduferð eða heimsókn, og sagði strax nei. En svo eftir að tækifærið var liðið hjá og ég sat einn eftir heima fór ég að fatta að auðvitað hefði verið skemmtilegra að vera með. Mér hefur farið fram í þessu eins og flestu öðru, en lendi ennþá í því að ef tækifæri kemur óvænt upp þá eru mín fyrstu viðbrögð að halda mig við áætlunina, þó svo að „áætlunin“ sé ekkert merkilegra en að horfa á sjónvarpið um kvöldið.

Auðvitað er flest áhugaverðara en það, en svona lendir allt á ákveðnum vegg til að byrja með. Ég þarf að melta hlutina. Mamma áttaði sig á endanum á þessu þegar ég var krakki, og passaði sig á að stinga upp á hlutum með fyrirvara.

Sjálfur reyni ég núna að hafa þetta ferli í huga þegar eitthvað óvænt kemur upp á, og fara bara kalt og klínískt yfir það hvaða kostur er bestur fyrir mig. Hvað það er sem skiptir mig meira máli og færir mér meiri ánægju í lífinu.

Annað dæmi er það að mamma var mikið fyrir að raða húsgögnunum upp á nýtt, og það fór alltaf mikið í taugarnar á mér. Mitt tilfelli er nú í heildina frekar vægt, og ég get vel ímyndað mér að krakkar sem eru verr haldnir en ég taki svona breytingum virkilega illa. Ráð mitt til foreldra er því sem sagt að nefna allar yfirvofandi breytingar á heimilinu með góðum fyrirvara. Það er ekkert bókað að það þýði að krakki muni taka þeim vel, en þó vonandi betur.

Fyrir ekkert svo löngu varð ég vitni að þessu í öðrum aðila.

Ég ákvað á síðustu stundu að grípa tækifæri til að fara í bíó með vini mínum. Ég hringdi í hann, og þá var hann þegar við bíóið og bauðst til að sækja mig. Þegar hann kom þá var annar maður á bak við stýrið, og var voðalega argur yfir því að þurfa að bruna frá skömmu fyrir sýningu. Þó svo ég hafi verið að hitta hann í fyrsta skipti, þá þekkti ég einkennin vel.

Hann kom mér og féлага mínum að bíóinu nokkrum mínútum fyrir sýningu, en fór svo heim, of fúll til að vilja horfa á mynd. Þessi vinur minn viðurkenndi að hann hefði mátt búast við þessum viðbrögðum.

Þó ég sé ekki svona illa haldinn, allavega ekki þessa dagana, þá skildi ég hann vel. Lógískt séð þá hafði ekkert breyst; það var nóg af miðum eftir, og myndin hafði svo sannarlega aldeilis ekkert versnað við þennan bíltúr. En þarna var búið að fara út af sporinu, og hann gat ekki komið sér aftur á það í tæka tíð til að vilja hafa nokkuð með þetta allt saman að gera.

En þetta lestarteina-vesen á sér aðrar minni birtingarmyndir. Það finnst engum neitt skelfilega gaman að vera truflaður þegar viðkomandi er upptekinn við eitthvað annað, en ég tel að þessi tilfinning sé sérstaklega sterk í mér. Ég vil gera eitthvað eitt í einu, og ljúka því af áður en eitthvað annað krefst athygli minnar. Mér er voðalega illa við það þegar gripið er fram í fyrir mér, og það hitnar ansi fljótt í mér ef einstaklingur gerir það nokkrum sinnum í sama samtali; Þetta setur mig svo rosalega út af sporinu.

Þegar ég vann í Nettó og var á leiðinni í eitthvað verk, og ef einhver rakst utan í mig þá þótti mér mun betra ef viðkomandi þagði bara frekar en að vera að biðjast afsökunar. Þegar ég er í einbeitingarástandi get ég alveg hrist af mér ónot, en orð krefjast athygli og ég er mun meira fyrir að halda mig við efnið.

Nú er ég svolítið að stíga út fyrir eigin svið með þessum næstu orðum, þar sem eins og ég sagði þá er ég ekki sálfræð-

ingur, en þó ég sé ekki einn af þessum einhverfu einstaklingum sem tala ekki þá tel ég mig skilja þá að töluverðu leyti. Mig grunar nefnilega að það tengist brautarteinunum. Það vill bara svo til að ég er liprari við að fara út af þeim. Ég held að þessir þöglu séu bara eins og ég þegar ég er hvað verstur af þessu og mest inni í sjálfum mér. Ég kemst stundum í ástand sem er ekki ólíkt því að sitja með störu. Ég er einhvern veginn voðalega lokaður, kominn ansi langt inn til að hafa smá frið, og er alveg meinilla við að þurfa að tala. Ég get það, en það stríðir töluvert gegn einhverri skritinni þörf sem ég get ekki útskýrt almennilega.

Rökhugsun er mjög mikilvægur hornsteinn huga míns. Manneskjur eru vissulega hugsandi verur, en einnig tilfinningaverur. Og þó svo ég hafi tilfinningar eins og hver annar maður þá held ég að skilningur minn á hlutunum sé meira byggður á rökum en gengur og gerist. Það mætti kannski segja að hugsun mín fari í beinni línu en venjulegt er, laus við mikið af þessum túlkunum og flækjum sem fólk býr til.

Þetta, í bland við skilningsleysi, er ástæða þess hvað ég talaði hreint út um hvað sem er og við hvern sem er. Ég var aldrei eitthvað að skafa utan af hlutunum eða pakka þeim inn í silki. Ósannindi ganga þvert á eðli mitt. Og þá er ég ekki að halda því fram að ég sé eitthvað siðferðilega æðri. Mér fannst það bara algjör fjarstæða að snúa upp á staðreyndir, eða halda því fram að hlutirnir væru öðruvísi er þeir voru.

Ég er svo sem ennþá þessarar skoðunar, og það fer ennþá í mig hvað það er mikil þörf í mannlegu samfélagi fyrir allskonar látalæti, og hversu mörg órókrétt vandamál mannkynið skapar sér, eins og skammsýn umhverfishyggju eða fordóma, eins og ég nefndi áðan. En það er líka rökrétt staðreynd að ég get ekki snúið öllu mannkyni yfir á mína skoðun, og því hef ég orðið að láta aðeins eftir, og læra.

6. Framför:

Eins og ég hef nefnt nokkrum sinnum í þessum texta, þá hef ég náð miklum framförum. Og það sem ég vil taka fram skýrar en nokkuð annað í þessu riti það er hið eftirfarandi:

Aðili í minni stöðu getur vel spjarað sig.

Nei, ég feta ekki 100 prósent sömu slóð og „dæmigerð“ manneskja. Nei, ég mun aldrei hætta að vera einhverfur. Já, ég mæti vissum hindrunum sem „dæmigert“ fólk þarf ekki að eiga við. En hvað með það?

Það er engin rétt leið til að lifa lífinu. Líf mitt tilheyrir mér og engum öðrum, og ég er hættur þeim ósið að vera sjálfum mér reiður fyrir að passa ekki í formið sem samfélagið vill setja fólk í.

Það er í lagi að vilja ekki taka þátt í stórhátíð, eða að hafa meiri áhuga á spennandi bók en að horfa á fulloröna menn sparka bolta á milli sín í sjónvarpinu.

Líf mitt er ekki fullkomið, en ekkert líf er það. Eitt sem ég hef lært með árunum er það að það er engin markalína sem maður þarf að hlaupa yfir og er þá búinn að vinna lífið. Hvert tímabil ævinnar býður upp á nýjar áskoranir.

Þessar framfarir sem hafa bætt líf mitt svona mikið eru sprottnar af vilja mínum til þess að læra. Nei, ég hef ekki leiðarvísinn, mér er ekki eðlislægt að læra á alla litlu hlutina, en ég bý yfir fullri greind og það er hún sem nýtist mér. Frá því að ég fékk greininguna hef ég alltaf passað mig á því að sitja á stoltinu og vera þess viljugur að íhuga hvort ég sé að haga mér rétt eða ekki. Ég hef líka verið svo heppinn að hafa aðstandendur sem tóku greiningunni af skilningi, og ég gerði við þau samkomulag um að veita ráð og benda mér á það sem betur mætti fara.

Þetta samband hefur hjálpað mér gríðarlega, og á sennilega

stóran þátt í því hvernig ég er staddur í dag. En svona samband þarf auðvitað að virka í báðar áttir. Aðstandendur þurfa að fylgjast með og veita uppbyggileg ráð frekar en að skammast, og einhverfur einstaklingur þarf að geta tekið gagnrýni til umhugsunar.

